



Borgarráð.

Umsögn vegna fyrirspurnar borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins á því hvort staðsetning bensínstöðvar við Kirkjustétt 2-6 í Grafarholti samræmist reglum ríkisins og Reykjavíkurborgar um bensínstöðvar, t.d. reglum Brunamálastofnunar um brunavarnir bensínstöðva.

Á fundi borgarráðs 18. janúar 2018 var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir því að borgarráð fái álit borgarlögmanns á því hvort staðsetning Brunamálastofnunar um brunavarnir bensínstöðva. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa frá árinu 2012 borgarstjórnarmeirihluta og áhugaleysi hans á málinu. Í úttekt sem verkfræðistofan EFLA gerði á umræddri brunavarnir á bensínstöðvum.

Á fundi borgarráðs þann 12. mars 2015 var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarráð felur umhverfis- og skipulagsráði að finna bensínstöð við Kirkjustétt 2-6 í Grafarholti nýjan stað í samráði við eiganda hennar. Umrædd bensínstöð, sem reist var árið 2005, er skammt frá Ingunnarskóla, frístundaheimilinu Stjórnulandi og félagsmiðstöðinni Fókusi. Árum saman hafa foreldrar barna í Ingunnarskóla gert athugasemdir við staðsetningu stöðvarinnar svo nærri fjölmennasta skóla hverfisins og m.a. kvartað yfir því að í ákveðnum vindáttum berist bensínþnykur inn í skólahúsnæðið. Jafnframt óskar borgarráð eftir lögfræðilegu álitu á því hvort staðsetning bensínstöðvarinnar samræmist reglum ríkis og borgar um bensínstöðvar, t.d. reglum Brunamálastofnunar ríkisins um brunavarnir en þar segir m.a. að fjarlægð milli mannvirkja bensínstöðvar og byggingar, þar sem fólk vistast eða dvelur um lengri tíma, t.d. skóla, skuli að lágmarki vera tólf metrar. Einnig segir að bensínstöðvar beri að skipuleggja þannig að ekki skapist óþarfa umferð um afgreiðslusvæði þeirra en töluverð umferð skólabarna er um stöðina vegna nálægðar við nærliggjandi skóla- og frístundastarf. R15030097

Tillögunni var frestað á fundinum en með tölvuskeyti skrifstofu borgarstjórnar dags. 17. mars 2015 var tillögunni vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs. Tillagan var tekin fyrir á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 20. maí 2015, þar sem lögð var fram og samþykkt umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 17. maí 2015. Í framangreindri umsögn kemur fram að sjálfsafgreiðslustöðin við Kirkjustétt 2-6 í Grafarholti uppfyllti öll skilyrði er tengjast lögum og reglum um brunamál og ekki standi til að hefja viðræður við lóðarhafa um flutning

stöðvarinnar, enda ljóst að slíkur flutningur yrði alfarið á kostnað Reykjavíkurborgar.

Á fundi borgarráðs þann 1. júní 2017 var að nýju lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðislokksins:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins itreka enn einu sinni ósk sína, upphaflega frá árinu 2012, um að fá lögfræðilegt álit á því hvort staðsetning benzínstöðvar við Kirkjustétt 2-6 í Grafarholti samræmist reglum ríkisins og Reykjavíkurborgar um benzínstöðvar, t.d. reglum Brunamálastofnunar um brunavarnir benzínstöðva. Í umræddum reglum segir m.a. að fjarlægð milli mannvirkja benzínstöðvar og byggingar, þar sem fólk vistast eða dvelur um lengri tíma, t.d. skóla, skuli að lágmarki vera tólf metrar. Einnig segir að benzínstöðvar beri að skipuleggja þannig að ekki skapist óþarfa umferð um afgreiðslusvæði þeirra en töluverð umferð skólabarna er um stöðina vegna nálægðar hennar við nærliggjandi skóla- og frístundastarf. Umrædd benzínstöð, sem reist var árið 2005, er skammt frá Ingunnarskóla, frístundaheimilinu Stjórnulandi og félagsmiðstöðinni Fókusi. Árum saman hafa foreldrar barna í Grafarholti gert athugasemdir við staðsetningu stöðvarinnar svo nærri fjölmennasta skóla hverfisins og m.a. kvartað yfir því að í ákveðnum vindáttum berist benzínþnykur inn í skólalúsnæðið. Furðu sætir að sjálfsögð fyrirspurn sem þessi skuli hrakhraufast um borgarkerfið árum saman en það segir ákveðna sögu um vinnubrögð núverandi borgarstjórnarmeirihluta og áhugaleysi hans á málinu.

Tillögunni var frestað á fundinum en var með tölvuskeyti skrifstofu borgarstjórnar dags. 2. júní 2017, vísað til umsagnar skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar. Skrifstofustjóri eigna og atvinnuþróunar tók erindið til meðferðar og óskaði í framhaldinu þess að verkfræðiskrifstofna Efla myndi vinna úttekt um brunavarnir og öryggismál sjálfsafgreiðslubensínstöðvarinnar að Kirkjustétt 2-6. Verkfræðistofan Efla skilaði umbeðinni úttekt á brunavörnum bensínstöðvarinnar við Kirkjustétt 2-6 dag. 13. september 2017 og var hún lögð fram á fundi borgarráðs 14. september 2017. Í samantekt framangreindrar úttektar kemur fram að aðstæður vegna bensínstöðvarinnar að Kirkjustétt 2-6 væru ekki að fullu í samræmi við reglur og voru lagðar til úrbætur í fimm líðum.

Forsaga málsins er sú að á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þann 12. apríl 2005 var lögð fram umsókn Olíuverslunar Íslands hf. þar sem sótt var um leyfi til að byggja sjálfsafgreiðslustöð fyrir eldsneyti með tveimur afgreiðslutækjum á lóðinni nr. 2-6 við Kirkjustétt. Byggingarfulltrúi frestaði erindinu og vísaði því til umsagnar skipulagsfulltrúa. Málið var tekið fyrir á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 15. apríl 2005 og var erindinu vísað til umsagnar hverfisarkitekts. Umsögn skipulagsfulltrúa lá fyrir þann 27. apríl 2005, þar sem fram kom að í gildi væri deiliskipulag sem samþykkt var á fundi borgarráðs þann 30. janúar 2001 þar sem m.a. væri heimilt að vera með bensínsjálfsafgreiðslustöð á lóðinni nr. 2-6 í við Kirkjustétt. Niðurstaða skipulagsfulltrúa var sú að taka jákvætt í að umsækjandi léti vinna breytingu á deiliskipulagi í samræmi við umsóknina og í samvinnu við hverfisarkitekt. Lóðarhafi vann tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir bensínstöðina í framhaldinu, tillagan var grenndarkynnt og engar athugasemdir bárust. Á fundi byggingarfulltrúa þann 14. júní 2005 var samþykkt byggingarleyfisumsókn nr. BN031343 þar sem Olíuverslun Íslands hf. var veitt byggingarleyfi til að byggja sjálfsafgreiðslustöð fyrir eldsneyti með tveimur afgreiðslutækjum á lóðinni nr. 2-6 við Kirkjustétt, enda lá fyrir að slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hafði samþykkt erindið fyrir sitt leyti og farið yfir innsenda uppdrætti sem og heilbrigðiseftirlitið Jafnframt var veitt leyfi til að reisa um 6,4 metra hátt og ca. 2 x 14 fermetra stakstætt skilti við innkeyrsluna frá Kristnibraut ásamt upplýstum

auglýsingarskiltum við lóðarmörk skólalóðar Ingunnarskóla.

Á afgreiðslufundi umhverfissviðs Reykjavíkurborgar, þann 23. nóvember 2015 var samþykkt að veita Olíuverslun Íslands hf. leyfi til að starfrækja bensínstöð að Kirkjustétt 2-6 til átta ára með almennum starfsleyfis skilyrðum fyrir mengandi starfsemi og sérstökum skilyrðum fyrir bensínstöðvar. Starfsleyfið var á afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 11. mars 2014 endurnýjað til tólf ára með sömu skilyrðum. Fulltrúar heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hafa allt frá árinu 2005 farið í reglubundið umhverfiseftirlit á framangreinda sjálfsafgreiðslubensínstöð Olís að Kirkjustétt 2-6 og eru skráð frávik ef um er að ræða brot á ákvæðum starfsleyfis eða laga og reglugerða sem um starfsemina gilda. Slíkt hefur aldrei verið gert.

Fjallað er um öryggiskröfur til bensínstöðva í reglum Mannvirkjastofnunar um brunavarnir á bensínstöðvum útgefnum í októbermánuði 1993. Reglurnar eru samkvæmt upplýsingum frá fulltrúa Mannvirkjastofnunar úreltar í núverandi mynd og eru til endurskoðunar hjá Mannvirkjastofnun þar sem þær samræmast ekki þeim breytingum sem átt hafa sér stað á þeim lögum og reglugerðum sem um málið gilda. Fulltrúar heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins, sem eru hinir lögformlegu eftirlitsaðilar sveitarfélagsins og sinna reglulegu eftirliti með bensínstöðvum hafa fengið úttekt Eflu, dags. 13. september 2017 til umsagnar og telja ekki aðstæður til að grípa til neinna aðgerða og hafa ekki gert athugasemdir um rekstur sjálfsafgreiðslustöðvarinnar við Kirkjustétt 2-6. Fulltrúar Olís ehf. hafa engu að síður brugðist við þeim athugasemdum sem fram koma í úttekt Eflu dags. 13. september sl. þannig að mati embættis borgarlögmans uppfyllir sjálfsafgreiðslubensínstöðin við Kirkjustétt 2-6 öll lögformleg skilyrði og lögformlegir eftirlitsaðilar sveitarfélagsins hafa ekki gert athugasemdir við rekstur hennar.

F.h. borgarlögmans

Þórhildur L Ólafsdóttir lögmaður